

## 11. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Mánudaginn 19. apríl 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 15:00.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Alexandra Jóhannsdóttir

*Frá Blönduósbae:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Jón Örn Stefánsson.

*Frá Skagabyggð:* Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur tilkynnt að Guðmundur Egill Erlendsson taki sæti Kristínar Bjarkar Leifsdóttur í nefndinni.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundir með þingflokkum

Róbert fór yfir minnisblað til að leggja fyrir þingflokka og ráðherra í heimsóknum til þeirra og fulltrúar hópsins sögðu frá þeim fundum sem lokið er. Fundað hefur verið með þremur þingflokkum af átta. Tilgangur fundanna er að kynna verkefnið og koma hagsmunamálum á framfæri við ráðamenn. Samgöngur og atvinnumál voru sett í forgang.

- Viðhald héraðs- og tengivega
- Mikilvægi Blönduósflugvallar fyrir sjúkraflug
- Fjölgun starfa hjá Vinnumálastofnun og Embætti Sýslumanns
- Stofnun Umhverfisakademíu á Húnavöllum

Ákveðið að reyna að ná fundum með ráðherrum í byrjun maí:

- Menntamála vegna Umhverfisakademíu
  - Róbert athugar hvort ráðherra er væntanlegur á opnun á TextílLab á Blönduósi 21. maí.
- Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra vegna samgangna og sameininga.
- Dómsmálaráðherra vegna starfa hjá sýslumanni
- Félags og barnamálaráðherra vegna Vinnumálastofnunar.
- Ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra vegna nýsköpunar og atvinnumála.

#### 2. Kynningarmál og almannatengsl

Kristján Hjálmarsson frá H:N markaðssamskiptum mætti á fund nefndarinnar og fór yfir kynningaráætlun. Markmiðið er að koma upplýsingum um verkefnið á framfæri við

kjósendur og hvetja þá til að kjósa. Nefndarmenn skiptu með sér verkum varðandi greinaskrif.

Rætt var um þau skilaboð sem fyrirhugað er að senda. Gæta þarf að því að skilaboðin séu ekki hlutdræg og feli ekki í sér loforð sem ekki er hægt að standa við.

Rætt um íbúafundi sem fyrirhugaðir eru á næstu vikum. Aðstæður í samfélaginu hafa breyst og mikil óvissa um samkomutakmarkanir. Ákveðið að fresta fundum í Húnavatnshreppi og í Skagabyggð til 31. maí og 1. júní. Ákveðið að fundir í Blönduósbæ og á Skagaströnd verði haldnir á áður ákveðnum tíma, þ.e. í félagheimilinu á Blönduósi 19. maí og í Fellsborg á Skagaströnd 20. maí, en hvetja íbúa til að sækja fundi í öðrum sveitarfélögum ef þeir eiga ekki heimangengt þegar fundir eru haldnir í heimasveitarfélagi. Fundirnir verða haldnir kl. 20.

Ákveðið að halda dagsetningu fyrir útgáfu bæklinga óbreyttri, 12. maí.

Finna þarf aðila til að taka að sér að taka upp myndbönd. Róbert kannar hvort nemendur í kvikmyndagerð Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra geti tekið verkefnið að sér. H:N markaðssamskipti sjá um klippingu og vinnslu.

Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur boðað komu sína 10. maí. Tækifærið verður notað til að kynna sameiningarverkefnið og hugmyndir um umhverfisakademíu fyrir nefndinni.

### **3. Umhverfisakademía**

Skýrsla starfshóps um Umhverfisakademíu er lögð fram. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisakademían verði rekin samhliða öðrum rekstri á Húnavöllum. Starfshópurinn leggur til að Umhverfisakademían verði stofnuð og að stofnfé verði 15 m.kr. sem skiptist á milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda. Ákveðið að kynna hugmyndirnar fyrir sveitarstjórnnum og vinna að því að tryggja fjárhagslegan stuðning stjórnvalda við verkefnið.

Tryggja þarf að rekstrarform akademíunnar komi ekki í veg fyrir opinberan stuðning við verkefnið.

### **4. Undirbúningur kosninga**

Þann 12. apríl sl. hófst utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnavatnshrepps.

Greiða má atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum embættis sýslumanns og í Sveitarfélaginu Skagaströnd, hjá Magnúsi B. Jónssyni, skipuðum hreppsstjóra, s. 899-4719:

Miðvikudaginn 2. júní nk. verður opið til kl. 19:00 í aðalskrifstofunni á Blönduósi.

Róbert sagði frá fundi með formönnum kjörstjórna.

### **5. Næsti fundur samstarfsnefndar**

Lagt er til að næsti fundur verði haldinn föstudaginn 7. maí kl. 14:00.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00.